



Ellert Árnason



Fæddur 8. febrúar 1946
Dáinn 22. apríl 2022

Útför frá Vopnafjarðarkirkju
laugardaginn 7. maí 2022 kl. 13:00
Jarðsett verður í Hofskirkjugarði

FORSPIL

Heyr mína bæn

ÁVARP OG BÆN

Drottinn er minn hirðir

Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.

Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,

leiðir mig að vötnum,

þar sem ég má næðis njóta.

Hann hressir sál mína,

leiðir mig um réttan veg

fyrir sakir nafns síns.

Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,

óttast ég ekkert illt því þú ert hjá mér.

Sproti minn og stafur hugga mig.

Þú býrð mér borð

frammi fyrir fjendum mínum,

þú smyrð höfuð mitt með olíu,

bikar minn er barmafullur.

Já, gæfa og náð fylgja mér

alla ævidaga mína,

og í húsi drottins bý ég langa ævi.

Drottinn er minn hirðir,

mig mun ekkert bresta.

RITNINGARLESTUR

Föðurminning

Englar Guðs þér yfir vaki og verndi pabbi minn,

vegir okkar skiljast núna, við sjáumst ekki um sinn.

En minning þín hún lifir í hjörtum okkar hér

því hamingjuna áttum við með þér.

Þökkum kærleika og elsku, þökkum virðingu og trú,

þökkum allt sem af þér gafstu, okkar ástir áttir þú.

Því viðmót þitt svo glaðlegt var og góðleg var þín lund,

og gaman var að koma á þinn fund.

Með englum Guðs nú leikur þú og lítur okkur til,

nú laus úr viðjum þjáninga, að fara það ég skil.

Og þegar geislar sólar um gluggann skína inn,

þá gleður okkur minning þín, elsku pabbi minn.

Vertu góðum Guði falinn er hverfur þú á braut,

gleði og gæfa okkur fylgdi með þig sem förunaut.

Og ferðirnar sem fórum við um landið út og inn,

er fjársjóðurinn okkar pabbi minn.

Lag / Texti: John Denver / Guðrún Síburbjónsdóttir



GUDSPJALL

Vopnafjörður 1993

Pegar vorsins vaknar gróður,
vefjast skróði holt og börð.
Af gáska er sunginn gleðióður,
geyst um Vopnafjörð.
Heim mun unga fólkið flykkjast þá,
fögur byggð og góða veðrið seiða hjörtun má,
báran kvik er suðar sandi á,
silfurtærir lækirnir, sem skoppa til og frá.
Hvert sem augun kunna að líta,
kætir geðið fögur jörð.
Órofa því allir hnýta,
ást við byggð og förð.

Í hjartir tíð af Burstarfelli,
blasir við oss grösug sveit.
Svo tígin fjöll og víða velli,
varla nokkur leit.
Smjörfjöllin þau eru engu líka,
ægifögur hamgrabeltin út við Krossavík,
Hágang í norðri hylla má,
hellir sólin Mælifellið geislum skrærum á.
Hvert sem augun kunna að líta,
Kætir geðið fögur jörð.
Órofa því allir hnýta,
ást við byggð og fjörð.

Kauptúnið á Kolbeinstanga,
klettum prýtt með hólmaskjól,
Um klöpp og hraun er kært að ganga,
er kvöldins baðar sól.
Ef að göngum Fagrafjallið á,
Fagradal og Kollumúla að austan líta á,
Nýpslónin að vestan lign og tær,
landmikil er sveitabyggð á strönd og dölum fjær.
Já hvert sem augun kunna að líta,
kætir geðið fögur jörð.
Órofa því allir hnýta,
ást við byggð og fjörð.

Lag / Texti: Zbigniew Zuchowicz / Kristján Magnússon

MINNINGARORÐ



Ort í sandinn

Ástarljóð til þín ég yrki í sandinn,
aldan í vikinni stafina þvær,
Burt hafa skolast mín ljóð fyrir lítið,
þeim eyddi hinn síhviki sær.
Úr fjörunnar sandi þar borgir við byggðum
því bernska við sólinni hlær,
fegurstu drauma og framtíðasýnir
en flóðið það sléttaði þær.
Ástarljóð til þín ég yrki í sandinn,
aldan hún stafina þvær.

Fortíðin geymist í fjörunnar sandi
fegurstu vonir, drauma og þrár.
Ósamið ljóð mitt það lifnaði seinna
og líka mín ógrátin tár.
Háflóðið eyðir, því allt mun það hverfa,
orðvana sandurinn grár.
Alltaf jafnt hýr eins og mynd þín í muna
mér verður um ókomin ár
fortíðin geymist í fjörunnar sandi
fegurstu draumar og þrár.

Lag / Texti: Geirmundur Valtýsson / Hilmir Jóhannesson

BÆN OG FAÐIR VOR

Minning

Sumir hverfa fljótt úr heimi hér
skritið stundum hvemig lífið er,
eftir sitja margar minningar
þakklæti og trú.

Þó ég fái ekki að snerta þig
veit ég samt að þú ert hér,
og ég veit að þú munt elska mig
geyma mig og gæta hjá þér.

Þó ég fái ekki að snerta þig
veit ég samt að þú ert hér,
og ég veit að þú munt elska mig
geyma mig og gæta hjá þér.

Þegar eitthvað virðist þjaka mig
þarf ég bara að sitja og hugsa um þig,
þá er eins og losni úr læðingi
lausnir öllu við.

Og þó ég fengi ekki að þekkja þig
þú virðist alltaf getað huggað mig
það er eins og þú sért hér hjá mér
og leiðir mig um veg.

Og þegar tími minn á jörðu hér,
líðinn er þá er ég burtu fer,
þá ég veit að þú munt vísa vegg
og taka á móti mér.

Lag / Texti: Bob Dylan / Ingibjörg Gunnarsdóttir



MOLDUN

Rósin

Undir háu hamra belti
höfði drúpir lítil rós.
Þráir lífsins vængja víddir
vorsins yl og sólarljós.

Ég held ég skynji hug þinn allan
hjartasláttinn rósin mín.
Er kristallstærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað,
krjúpa niður kyssa blómið
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósin mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei það er minning þín.

Lag / Texti: Friðrik Jónsson / Guðmundur Halldórsson

BLESSUN

Góða ferð

Þér leiðist hér ég veit það kæri vinur
þú vilt á brott að kanna nýjan stig
en þig skortir kjark þú hikar og hugsar dag og nótt
og hræðist að þú munir særa mig.

Góða ferð, góða ferð, góða ferð
góða ferð já það er allt og síðan bros
því ég geymi alltaf vinur það allt er gafstu mér
góða ferð, vertu sæll já góða ferð.

Við áttum saman yndislega stund
við áttum sól og blóm og hvítan sand
og skjól á köldum vetri er vindur napurt söng
og von um gullin ský og fagurt lag.

Góða ferð, góða ferð, góða ferð
góða ferð já það er allt og síðan bros
því ég geymi alltaf vinur það allt er gafstu mér
góða ferð, vertu sæll já góða ferð.

Þó farir þú í fjarlægð kæri vinur
og fætur þínir stígi ókunn skref
Hve draumar ræst hafa' aftur þú áður sagðir mér
þín ást var mín og brosin geymt ég hef.

Góða ferð, góða ferð, góða ferð
góða ferð já það er allt og síðan bros
því ég geymi alltaf vinur það allt er gafstu mér
góða ferð, vertu sæll já góða ferð.

Góða ferð, góða ferð, góða ferð
góða ferð já það er allt og síðan bros
því ég geymi alltaf vinur það allt er gafstu mér
góða ferð, vertu sæll já góða ferð.

Lag / Texti: Jose Feliciano / Jónas Friðrik

EFTIRSPIL

Amigos Para Siempre



Kveðja

Far vel! Hljá þökk
frá þínum vinum hinsta sinn.
Börnin þín þig kveðja klökk
og kærleik þinn æ geyma í minni.
Frelsarinn mót þér faðminn breiði,
friður Guðs þitt signi leiði.

Gunnhildur Bjarnadóttir

*Ástvinir þakka auðsýnda samúð og hlýhug og bjóða
kirkjugestum að þiggja veitingar í Kaupvangi að athöfn lokinni.*

Svanborg Víglundsóttir
Arnar Már Ellertsson
Borghildur Arnarsdóttir
Ellen Ellertsdóttir
Ellert Rúnar Sveinsson

Sólveig Arna Friðriksdóttir
Hallmar Arnarsson
Sveinn Elmar Magnússon
Styrmir Hrafn Sveinsson

Prestur: Sr. Þuríður Björg W. Árnadóttir
Kór: Vopnafjarðar - og Hofskirkju
Organisti: Stephen Yates
Einsöngur: Borghildur Sverrisdóttir og
Guðrún Anna Guðnadóttir
Gítarleikari: Baldvin Eyjólfsson